

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2009, fimmtudaginn 12. mars kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 155. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund.

Gengið var til dagskrár:

1. Fundargerðir byggðarráðs. Oddviti kynnti.
 - a) Fundargerð 586. fundar 16. febrúar. Fundargerð í 6 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 6. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að 4. gr. í tillögu félagsmálaráðs að reglum um úthlutun íbúða í Nestún 2-6 verði svohljóðandi: Félagsmálaráð geri tillögu um úthlutunina og skal hún staðfest af byggðarráði.“ Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 587. fundar 23. febrúar. Fundargerð í 7 liðum. Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 4 atkvæðum. Rakel Runólfsdóttir óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 588. fundar 2. mars. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 589. fundar 9. mars. Fundargerð í 8 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 8. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða starfsmannastefnu fyrir Húnaþing vestra. Starfsmannastefnan tekur gildi með samþykkt þessari.“ Borinn undir atkvæði 8. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
2. Fundargerð 95. fundar félagsmálaráðs 3. mars. Fundargerð í 8 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 105. fundar fræðsluráðs 24. febrúar. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð 158. fundar skipulags- og umhverfisráðs. 5. mars. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
5. Kosningar. Lögð var fram tillaga frá fulltrúa S lista um að Erla Björg Kristinsdóttir taki sæti sem aðalmaður í skipulags- og umhverfisráði í stað Odds Sigurðarsonar. Varamaður verði Oddur Sigurðarson. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:04.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.).

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.).